

Miðvikudaginn 3. október 1990.

Nr. 189/1990. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

**Jóni Óttari Ragnarssyni**

(Þórunn Guðmundsdóttir hrl.).

Klám. Sjónvarp. Stjórnarskrá.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds, með stefnu 13. mars 1990.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að refsing verði þyngd og að ákærði verði dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar.

Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvalds.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms, að kvikmyndirnar „Í tvíburamerkinu“ og „Í nautsmerkinu“ hafi verið opinberlega til sýnis, er þær voru sýndar í sjónvarpi Stöðvar 2 aðfaranótt sunnudags 24. september og aðfaranótt sunnudags 22. október 1989.

Fallast má á þá niðurstöðu héraðsdóms, að þau ákæratriði, sem ákærði var sakfelldur fyrir, varði við 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og að hann beri á þeim refsíabýrgð, sbr. 1. og 6. mgr. 35. gr. útvarpslaga nr. 68/1985.

Verður niðurstaða þessi eigi talin fara í bága við ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða og sakarkostnað verða staðfest.

Eftir þessum úrslitum verður ákærði dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar eins og greinir í dómsorði.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Óttar Ragnarsson, greiði áfrýjunarkostnað

sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Þórunnar Guðmundsdóttur hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur.

### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. febrúar 1990.**

Ár 1990, miðvikudaginn 28. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómarara og meðdómendunum Eyjólfí Kjalar Emilssyni, Ph.D., og Kristínu Jóhannesdóttur kvikmyndaleikstjóra, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 124/1990: Ákærvaldið gegn Jóni Óttari Ragnarssyni, sem tekið var til dóms 7. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 18. desember sl., á hendur ákærða, „Jóni Óttari Ragnarssyni, Skaftahlíð 11, Reykjavík, kennitala 10.08.45-2619, fyrir að hafa haustið 1989 sem útvarpsstjóri sjónvarpsstöðvarinnar Stöð 2, Krókhálsi 4-6, Reykjavík, sýnt á Stöð 2 klámkvikmyndirnar „Í tvíburamerkinu“, sem sjónvarpað var aðfaranótt sunnudagsins 24. september, og „Í nautsmerkinu“, sem sjónvarpað var aðfaranótt sunnudagsins 22. október, en í báðum myndunum koma fyrir mörg klámfengin atriði, þar sem lögð er áhersla á að sýna með lostafullum hætti kynfæri karla og kvenna, kynmök samkynja fólks og ósamkynja, mök fleiri en tveggja í einu og fólk við sjálfsfróun og eru slík atriði a.m.k. 6 í fyrrgreindu myndinni og a.m.k. 10 í þeirri síðargreindu, og er sýningartími atriðanna allt frá nokkrum sekúndum til rúmra fjögurra mínútna.

Upphaf þessara atriða er að finna á fyrirleggjandi myndbandsspólum þegar teljari myndbandtækis sýnir eftirfarandi tölur miðað við að teljari sýni 0000 í byrjun myndar:

„Í tvíburamerkinu“: 0356, 0448, 0728, 0792, 1146, 1914.

„Í nautsmerkinu“: 0463, 0576, 0632, 0713, 1055, 1166, 1343, 1373, 1395, 1658.

Telst þetta varða við 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 35. og 37. gr. útvarpslaga nr. 68, 1985.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

#### *Málavextir.*

Aðfaranótt sunnudagsins 24. september sl. var sýnd á sjónvarpstöðinni Stöð 2, Krókhálsi 4-6, Reykjavík, kvikmyndin „Í tvíburamerkinu“, og aðfaranótt sunnudagsins 22. október sl. var sýnd á sömu sjónvarpsstöð kvikmyndin „Í nautsmerkinu“. Höfst sýning fyrri myndarinnar kl. 1.30 og

hinnar síðari kl. 1.05 (sic). Var fyrri myndin kynnt í svonefndum „Sjónvarpsvísi“ stöðvarinnar sem „ljósblá gamanmynd með ekta dönskum húmor“ og síðari myndin sem „ein ljósblá og dönsk“. Í dagskrárkynningu sjónvarpsstöðvarinnar voru báðar myndirnar stranglega bannaðar börnum.

Ákærði, sem var útvarpsstjóri Stöðvar 2, þegar umræddar kvikmyndir voru sýndar þar, hefur kannast við, að þær hafi verið sýndar þar, svo sem í ákæru greinir. Kveður ákærði, að ákvörðun um sýningu myndanna hafi verið tekin á framkvæmdastjórafundum, sem ákærði sitji, og hafi hún verið samhljóða. Hafi fundarmenn vitað, að umræddar myndir hafi verið sýndar í kvikmyndahúsi og jafnframt verið til útleigu á myndbandaleigum. Þessu til viðbótar kveður ákærði, að þrír starfsmenn Stöðvar 2 hafi verið fengnir til að skoða myndirnar og klippa burt þau atriði, sem talist gætu ósiðleg eða á einhvern hátt afbrigðileg að þeirra dómi, en síðan hafi komið saman 9 starfsmenn, sem hafi skoðað myndirnar, eins og eintök þeirra hafi verið þá. Kveðst ákærði hafa verið í þeim hópi, og eftir frekari klippivinnu hafi myndirnar verið sýndar. Ákærði telur ekkert þeirra atriða í kvikmyndum þeim, sem ákært er út af, varða við 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga.

Vitnið Goði Sveinsson, framkvæmdastjóri dagskrársviðs Stöðvar 2, kveður, að síaukinn þrýstingur og ítrekaðar óskir áskrifenda sjónvarpsstöðvarinnar hafi ráðið því, að ákveðið hafi verið að sýna umræddar kvikmyndir í tilraunaskyni. Hafi myndirnar verið sýndar í „læstri“ dagskrá og þeir, sem það vildu, átt þess kost að stimpla inn í myndlykil tiltekin tákn til að varna því, að börn næðu að skoða myndirnar ótruflaðar. Jafnframt hafi sýningartími verið valinn með tilliti til barna og tæpast við því að búast, að þau séu að horfa á sjónvarp á þeim tíma. Vitnið kveðst ekki vita til þess, að kvikmyndir þær, sem um ræðir í máli þessu, hafi verið sendar Kvikmyndaeftirliti ríkisins til skoðunar og athugunar, áður en Stöð 2 tók þær til sýningar. Varðandi kvikmyndina „Í nautsmerkinu“ kveður vitnið, að hún sé ekki á bannlista kvikmyndaftirlitsins, en í tilefni af því, að vitninu hafi verið kunnugt um, að þeirri mynd hafi verið vísað til ríkis-saksóknara, kveðst það hafa gefið ströng fyrirmæli um, að vandað yrði til klippivinnu vegna þeirra atriða, sem kynnu að teljast klámfengin. Hafi allmikið verið klippt úr báðum myndunum, og ef meira hefði verið klippt, hefði söguþráður raskast svo mjög sem og tónlist og leikhljóð, að tæpast hefði verið fært að sýna þær.

Vitnið kveður, að í september og október sl. hafi verið opið hjá u.þ.b. 37.000 áskrifendum að Stöð 2, en að skeikað gæti um 2.000 áskrifendur til eða frá.

Samkvæmt skýrslu Gísla Pálssonar lögreglufulltrúa, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, kannaðist einn eigenda Bergvíkur hf., Eddufelli 4 hér

í borg, við, að fyrirtækið hefði fyrir um 5 árum flutt til landsins nokkur eintök af svonefndum „merkjamyndum“ á myndböndum og þeirra á meðal þær tvær myndir, sem um er fjallað í máli þessu. Hafi myndirnar verið sendar Kvikmyndaeftirliti ríkisins til skoðunar, en vísað þaðan til ríkissaksóknara, sem hafi endursent þær, án þess að þeim hafi fylgt umsögn hans. Var eigandinn ekki viss um, hvort einhver eintök hefðu, þrátt fyrir þetta, farið til útleigu.

Þá kemur fram í sömu skýrslu, að Austurbæjarbíó hafi fyrir allmörgum árum tekið til sýningar kvikmyndirnar „Í nausmerkinu“ og „Í sporðreka-merkinu“. Hefur einn þáverandi eigenda kvikmyndahússins staðfest að hafa klippt fyrri myndina sjálfur, áður en opinberir skoðunarmenn hafi skoðað hana, og aftur klippt úr henni fleiri atriði eftir það, áður en sýningar hófust. Hafi myndin verið stranglega bönnuð börnum yngri en 16 ára. Að liðnum nokkrum árum hafi sömu myndir verið teknar til sýningar, en eftir það hafi þeim verið eytt með brennslu samkvæmt fyrirmælum um kvikmyndir erlendis frá og eintök þeirra því ekki til.

Auður Eydal, forstöðumaður Kvikmyndaftirlits ríkisins, hefur upplýst samkvæmt nefndri skýrslu, að eitt eintak myndarinnar „Í nausmerkinu“ hafi borist stofnuninni árið 1984 og vegna atriða í myndinni hafi henni verið „vísað til ríkissaksóknara“, þar sem hún var talin falla utan sviðs stofnunarinnar. Ekkert væri á hinn bóginn til hjá stofnuninni um myndina „Í tvíburamerkinu“, og ef þessar kvikmyndir væru á myndbandaleigum, væru þær ómerktar Kvikmyndaftirliti ríkisins og þegar af þeirri ástæðu ólögmetar í umferð.

Þá var kannað af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins, hvort unnt væri að fá umræddar kvikmyndir á myndbandaleigum, en því ýmist svarað til þar, að þær væru ekki til eða ekki kannast við þær.

Í málinu liggur frammi bréf Kvikmyndaftirlits ríkisins til ákærða og Goða Sveinssonar, dagsett 23. nóvember sl. og undirritað af Auði Eydal, forstöðumanni nefndrar stofnunar. Kemur þar fram, að skoðunarmenn Kvikmyndaftirlits ríkisins hafi kynnt sér efni þeirra mynda, sem um ræðir í máli þessu, og sé það samdóma álit þeirra, að réttir aðilar, þ.e. embætti ríkissaksóknara, þurfi að meta sýningarhæfni myndanna og gefa úrskurð um, hvort sýning þeirra brjóti í bága við ákvæði hegningarlaga um klám, áður en til frekari útsendinga komi.

Ákært er fyrir eftirtalin atriði í nefndum kvikmyndum, en miðað er við, að teljari myndbandstækis sýni 0000 við upphaf myndar:

1. „Í tvíburamerkinu“:

a) Teljari sýnir töluna 0356 við upphaf atriðis.

Kvenmaður (aukapersóna) afklæðist fyrir framan karlmann í svefnherbergi og leggst aftur á bak í rúm. Myndrammi þrengist, og eru kynfæri

hennar í forgrunni. Skotið er inn andlitsmyndum af karlmanninum og leikin seiddandi tónlist undir. Kaflaskipti verða, er karlmaðurinn sprettur á fætur og afklæðist. Hefst eltingarleikur í herberginu, og er klippt í nærmynd, er karlmaðurinn dregur út getnaðarlim og ber upp að bakhluta kvenmannsins og hristir í takt við tónlistarstef. Klippt er út í vítt myndskleið og fylgst með eins konar leikfimi- eða danstillburðum í rúmi og við rúm, en inn í það er skeytt nærmyndarskeiðum af samræði persónanna og nærmynd af karlmanninum, er hann sleikir kynfæri kvenmannsins, fær hár upp í sig og hrækir.

b) Teljari sýnir töluna 0448 við upphaf atriðis.

Léttklædd þjónustustúlka (aukapersóna) kemur gangandi og heyrir hljóð frá járnbrunju á gangi. Hún lyftir andlitsgrímu brynjunnar, og kemur þá í ljós karlmannsandlit. Skiptast þau á nokkrum orðum. Stúlkan krýpur niður (viðmynd), dregur lim karlmannsins út úr brynjunni og sleikir (nærmynd).

c) Teljari sýnir töluna 0728 við upphaf atriðis.

Tvær naktar konur (aukapersónur) liggja á bekk í herbergi líkamsræktarstöðvar og bera raksápu á skapahár hvor annarrar og raka þau af. Við- og nærmyndir eru til skiptis, og undir atriðunum er leikið gamalt danskt dægurlag.

d) Teljari sýnir töluna 0792 við upphaf atriðis.

Þrjár konur (aukapersónur) liggja á bekk í ljósastofu, litaðri rauðri birtu. Grafísk áferð er á öllu atriðinu, sem þróast úr viðmynd með hægum tökuhreyfingum í nærmyndir af andlitum annars vegar og kynfærum kvennanna hins vegar, þar sem kvenmennirnir sleikja og gæla hver við aðra. Á hljóðbandi er hæg tónlist kvenraddar og flautu og áhersla lögð á mýkt og vissa fagurfræði.

e) Teljari sýnir töluna 1146 við upphaf atriðis.

Atriðið er kynnt í myndinni sem „kynlífssýning“ til að örva kynhvöt aðalpersónunnar. Fáklædd þjónustustúlka og einkennisklæddur maður koma inn í svefnherbergi, þar sem fyrir eru sem áhorfendur aðalpersóna (karlmaður) og nokkrar fáklæddar konur. Stúlkan og einkennisklæddi maðurinn hefja umbúðarlaust „ástarleiksýningu“. Nærmyndarinnskot eru úr ástarleiknum af karlmanninum, sem sleikir kynfæri stúlkunnar, og þá sleikir hún getnaðarlim hans. Karlmaðurinn setur liminn í kynfæri stúlkunnar, og eru nærmyndir af samræðishreyfingum þeirra. Á hljóðbandi heyrast stunnur parsins og þá aðallega stúlkunnar. Inn í atriðið er skotið heilmyndum af aðalpersónunni og konunum, þar sem aðalpersónan gerir skoplegar athugasemdir um framvindu mála, auk nærmynda af gælum kvennanna á sjálfum sér.

f) Teljari sýnir töluna 1914 við upphaf atriðis.

Lögreglumaður í skemmtigarði að næturlagi sleikir kynfæri hálfnakinnar konu í nærmynd. Önnur kona gælir líka við hana. Nokkru síðar, eftir elt-ingarleik, er sýnt í nærmynd, hvar lögreglumaðurinn ber getnaðarlim sinn að kynfærum konunnar og hefur samræðishreyfingar. Tónlist, sem leikin er undir, er í stíl þöglu gamanmyndanna.

2. „Í nautsmerkinu“.

a) Teljari sýnir töluna 0463 við upphaf atriðis.

Tvær þjónustustúlkur (aukapersónur) afklæðast og gæla hvor við aðra. Nærmyndir eru af höndum eða andlitum á kynfærum og brjóstum. Á tónbandi eru stunur, sem taka við, er létt „jössuð“ tónlist þagnar.

b) Teljari sýnir töluna 0576 við upphaf atriðis.

Kennslustund fyrir kvenfólk í kynörvun. Valdar stúlkur eru látnar strjúka með banönum yfir kynfæri sín í liggjandi eða sitjandi stöðu. Undirstrikað með nærmyndartöku af hreyfingum neðri líkamshluta. „Kennslukonan“ talar undir í leikfímikennarastíl.

c) Teljari sýnir töluna 0632 við upphaf atriðis.

Sýndir eru baðstrandarklefar karla og kvenna, sem aðskildir eru með vegg. Hálfnakinn hópur karla og kvenna er sinn hvorum megin við vegginn, sem á eru göt. Karlarnir setja limi sína gegnum götin, og sleikja konurnar limina. Nærmyndir eru af kynfærum konu gegnum gat og síðan ýmist víðmyndar- eða nærmyndarskeið af samförum eða sleikjum kvennanna á limum karlanna undir hvatningu og talningu „leiðbeinanda“. Hröð gaman-tónlist er leikin undir, og einnig heyrast stunur karlmanns.

d) Teljari sýnir töluna 0713 við upphaf atriðis.

Hér er um að ræða framhald af „bananaleikfímíni“, sem um ræðir í lið b) hér á undan. Sýnt er í nærmynd, hvar kona nuddar banana um kynfæri sín.

e) Teljari sýnir töluna 1055 við upphaf atriðis.

Sýnd eru karlmaður og kvenmaður í skóglendi. Þau leggjast niður til ástarleiks. Strjúka þau síðan um kynfæri hvort annars (nokkrar nærmyndir). Síðan hefjast samfarir með mjög undirstrikuðum og löngum nærmyndarskeiðum. Á tónbandi heyrast stunur og fuglasöngur.

f) Teljari sýnir töluna 1166 við upphaf atriðis.

Mjög áþekkt atriði og um ræðir í lið e). Mikil áhersla er lögð á sleikjur konunnar á getnaðarlimi karlmannsins, og eru nærmyndarskeið frá tveimur mismunandi sjónarhornum. Löng nærmyndarskeið eru af samförum persónanna.

g) Teljari sýnir töluna 1343 við upphaf atriðis.

Á legubekk sleikir kona lim karlmanns, á meðan annar hefur samfarir við hana aftan frá. Atriðið hefst í víðmynd, en klippt er inn í það nærmynd

af sleikjum konunnar og samræðinu. Á tónbandi er fjörug, gömul píanótónlist og talin „leikfimitaktur“.

h) Teljari sýnir töluna 1373 við upphaf atriðis.

„Kennslustund í ensku“. Kvenmaður (aukapersóna) liggur fram á borð yfir bók. Myndin vikkar út, og karlmaður stendur fyrir aftan hana, strýkur lim sinn og hefur samræði við konuna. Textinn undir er úr enskukennslu.

i) Teljari sýnir töluna 1395 við upphaf atriðis.

Karlmaður setur fáklædda konu (aukapersónu) upp á píanóborð. Klippi er í nærmynd, þar sem maðurinn sleikir kynfæri konunnar. Óperutónlist leikin undir.

j) Teljari sýnir töluna 1658 við upphaf atriðis.

Þjónustustúlka dregur karlmann upp í svefnherbergi. Sýnt er samræði í rúmi með nærmyndum af því, er konan sleikir lim mannsins, svo og af samförum þeirra, sem eru mjög langar og undirstrikaðar með notkun mismunandi sjónarhorna og stellinga. Gamanmyndatónlist er leikin undir.

#### *Niðurstöður.*

Samkvæmt 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum að búa til eða flytja í útbreiðsluskyni, selja, útbýta eða dreifa á annan hátt út klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum eða hafa þá opinberlega til sýnis svo og að efna til opinbers fyrirlestrar eða leiks, sem er ósiðlegur á sama hátt.

Þegar umræddar kvikmyndir voru sýndar, hafði útvarpsréttarnefnd veitt Stöð 2 leyfi til rekstrar sjónvarpsstöðvar, sbr. 2. mgr. 2. gr. útvarpslaga nr. 68, 1985. Tók leyfið til þráðlausra útsendinga á þjónustusvæði, er náði frá sunnanverðu Snæfellsnesi um mynni Hvalfjarðar til Suðurnesja, um Reykjanes, um Suðurland og Vestmannaeyjar, um Stykkishólm, Grundarfjörð og innsveitir, um Ísafjarðarkaupstað, um Bolungarvík, um Blönduós, Sauðárkrók og Skagafjörð, um Siglufjörð, um Húsavík og um Kópasker, Raufarhöfn og Þórshöfn.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. útvarpslaga er með útvarpi, hljóðvarpi eða sjónvarpi átt við hvers konar dreifingu dagskrárefnis handa almenningi með rafsegulöldum, hvort heldur í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust.

Vitnið Goði Sveinsson, framkvæmdastjóri dagskrársviðs Stöðvar 2, hefur upplýst við meðferð málsins, að nærri láti, að áskrifendur að Stöð 2 hafi verið um 37.000 í september og október sl. Er því eigi fráleitt að telja, að sjónvarpsstöðin hafi náð til a.m.k. helmings íslensku þjóðarinnar á þeim tíma, sem myndirnar voru sýndar. Er það mat dómsins, að með því að senda umræddar kvikmyndir út í dreifikerfi Stöðvar 2 hafi þær verið opinberlega til sýnis fyrir almenning, sbr. 1. mgr. 1. gr. útvarpslaga, enda

var aðstaða til þess hérlendis á hvaða heimili sem er, sem dreifikerfi Stöðvar 2 náði til samkvæmt leyfi útvarpsráttarnefndar, að horfa á umræddar kvikmyndir, að því einu tilskildu, að þar væri sjónvarp og keypt hefði verið áskrift að sjónvarpsstöðinni, auk svonefnds myndlykils.

Af hálfu sérfræðinganefndar Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna var í mars 1986 gerður greinarmunur á hugtökunum klámi (pornografía) og kynþokkalist (erotika), þannig að klám var skilgreint sem ögrandi framsetning á kynlífi í auðgunartilgangi, án ástar, blíðu eða ábyrgðar, en kynþokkalist sem bókmenntaleg eða listræn tjáning ástar.

Í kvikmyndum þeim, sem til umfjöllunar eru í máli þessu, er greinilega lögð áhersla á að sýna á ögrandi hátt í langflestum þeim atriðum, sem ákært er út af og áður er lýst, oft í nærmynd kynfæri karla og kvenna, kynmök fólks og fólk við sjálfsfróun, án þess að séð verði, að það þjóni neinu augljósu markmiði öðru en að sýna kynlífsathafnir. Listrænn, fagurfræðilegur eða leikrænn tilgangur þessara atriða í myndunum þykir eigi vera sýnilegur. Er það álit dómsins, að í öllum þeim tilvikum, sem ákært er út af, sé um að ræða klám í skilningi 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga, að undanskildum þeim atriðum í kvikmyndinni „Í tvíburamerkinu“, þar sem teljari sýnir tölurnar 728 og 792 við upphaf. Ber að sýkna ákærða af þeim ákæruatriðum.

Ákærði bar sem útvarpsstjóri Stöðvar 2 ábyrgð á sýningu umræddra kvikmynda, sbr. 6. mgr. 35. gr. útvarpslaga.

#### *Refsing.*

Ákærði, sem samkvæmt sakavottorði hefur ekki sætt neinum þeim refsingum, sem hér geta skipt máli, hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 3. mgr. 37. gr. útvarpslaga. Við ákvörðun refsingar ber annars vegar að taka mið af því, að framangreindar kvikmyndir voru sýndar að nóttu til og að í dagskrárkynningu voru þær stranglega bannaðar börnum. Á hinn bóginn verður á það að líta, að sjónvarp er mjög áhrifaríkur fjölmiðill og að vernd barna gegn efni því, sem þar er á boðstólum, er á engan hátt tryggð, þar sem sjónvarpstæki eru inni á heimilum manna. Þá þykir einnig bera að horfa til þess, að Stöð 2 er atvinnufyrirtæki, rekið af Íslenska sjónvarpsfélaginu-kapalsjónvarpi hf., Reykjavík, og að myndirnar voru sýndar þar í atvinnuskyni. Þykir refsing ákærða samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 200.000 króna sekt, sem gjaldist í ríkissjóð innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en afplánist ella með varðhaldi 40 daga.

*Sakarkostnaður.*

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Þórunnar Guðmundsdóttur hæstaréttarlögmans, sem þykja hæfilega ákveðin 60.000 krónur.

## D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Óttar Ragnarsson, greiði 200.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi 40 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þórunnar Guðmundsdóttur hæstaréttarlögmans, 60.000 krónur.

---